



**Gjaldskrá
fyrir vatnsveitu Fjarðabyggðar
Gildir frá 1.1.2024**

1.gr. Gildissvið

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Fjarðabyggðar, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem vatnsæðar liggja í eigu sveitarfélagsins skal greiða vatnsgjald árlega.

2.gr. Vatnsgjald

Vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi fyrir hverja matseiningu og gjaldi sem miðast við flatarmálsstærð eignar (fermetragjald) samkvæmt fasteignamati. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,33% af fasteignamati þeirra matshluta sem tengdar eru hverri vatnsveitulögn (vatnsimntaki). Liggi ekki fyrir upplýsingar um flatarmál fasteignar í fasteignaskrá skal gjaldið taka mið af fasteignamati, þ.e. vera 0,27% af fasteignamati matshlutar. Bilskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur við íbúðarhús (á sömu lóð) er undanþegið fastagjaldi.

3.gr. Fjárhæð vatnsgjalds

Af öllum fasteignum, sem eru gjaldskyldar skal greiða árlegt fastagjald á matseiningu að fjárhæð 4.721 kr. og 386 kr. á fermetra samkvæmt fasteingamati. Árlegt vatngjald af sumarhúsum/frístundahúsum skal þó að lágmarki vera 26.000 kr.

Greitt er fastagjald á íbúðarhúsnæði í dreifbýli, fyrir útihús er ekki greitt fastagjald á matseiningu en greitt hálfst fermetragjald.

3.gr. Notkunargjald

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir, er nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa, greiða notkunargjald. Fyrirtæki greiða notkunargjald auk vatnsgjalds, skv. lögum (7 gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004). Notkunargjald skal að jafnaði innheimta samkvæmt mæli sem Vatnsveita Fjarðabyggðar leggur til og er gjald fyrir mæli innifalið í fastagjaldi fyrir matseiningu. Auk þessa er ákvæði í reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992 sem heimilar innheimtu samkvæmt áætlun ef ekki er hægt að koma fyrir mælingu. Notkunargjald hjá Vatnsveitu Fjarðabyggðar er 49,73kr/m³. Sala á köldu vatni er undanþegin virðisaukaskatti.

4.gr. Fastagjald

Fyrirtæki í Fjarðabyggð borga fastagjald vegna mælinga á notkunargjaldi og er mælagjald háð stærð viðkomandi mælis sem hér segir.

Stærð	kr.dag	kr ári
DN25	48,8 kr	17.812 kr
DN30	58,2 kr	21.243 kr
DN40	66,5 kr	24.273 kr
DN50	85,7 kr	31.281 kr
DN65	128,1 kr	46.757 kr
DN80	223,9 kr	81.724 kr

DN100	263,7 kr	96.251 kr
DN150	274,0 kr	100.010 kr
DN200	286,2 kr	104.463 kr

5.gr. Stofngjald

Stofngjald vatnsveitu skal innheimt af öllum fasteignum sem tengdar eru vatnsveitu Fjarðabyggðar. Til að heimæð vatnsveitu fáist skal vera búið að tengja fasteign við fráveitu. Gjaldið skal innheimt við veitingu byggingarleyfis eða afhendingu heimæðar. Sama gjald skal greiða við endurnýjun heimæða sem ekki eru í eigu vatnsveitunnar. Gjöld fyrir heimæðar miðast við að ídráttarrör fyrir heimalagnir hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitunnar við lóðamörk, að inntaksstað mannvirkis og lega og frágangur hafi verið tekin út og samþykkt af starfsmönnum vatnsveitu.

Stærð	Verð
32mm	318.098 kr
40mm	434.484 kr
50mm	580.220 kr
63mm	957.619 kr
75mm	1302.275 kr
90mm	1.355.084 kr

Stærri heimæðar en 90mm eru gjaldfærðar í samræmi við raunkostnað þó aldrei lægri en kostnaður vegna 90mm heimæðar.

6 .gr. Einingarverð og gildistaka

Gjaldskrá þessi er sett fram með heimild í 10.gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og öðlast gildi 1. janúar 2023.

Fjarðabyggð 6. desember 2023

Jóna Arný Þórðardóttir
bæjarstjóri



Samþykkt í mannvirkja- og veitunefnd 18. október 2023

Samþykkt í bæjarráði: 30. október 2023

Samþykkt í bæjarstjórn: 2. nóvember 2023